

FUNDARGERÐ

387. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, var haldinn 27. febrúar 2017 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Guðmundur Gunnarsson, Guðrún Árnadóttir, Helgi Pétursson, Hrafn Magnússon, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Reynir Vilhjálmsson, Sjöfn Ingólfssdóttir og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi vegna ófærðar Anna Þrúður Þorkelsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Málafarli undirbúningur

Sagt frá fundi með forseta og deildarstjóra hagdeildar ASÍ.

Formaður áréttaði með fleiri fundi með öðrum aðilum sem nefndir hafa verið. Framkv.stjóri boðar þá fundi.

2. „Lagfæring“ almannatryggingarlaga

Mistök urðu við samningu nýrra laga um almannatryggingar sem tóku gildi 1. jan. s.l. TR hefur síðan ekki greitt samkvæmt lögunum eins og þau eru. Formaður og framkv.stjóri FEB voru kallaðir á fund velferðarnefndar s.l. föstudag til yfirferðar. Þar var áhersla félagsins áréttuð við þingmenn að endurskoða þurfi lögin í heild sinni.

3. Mál LEB

Samskipti formanns FEB við formann/framkv.stjóra LEB yfirfarin. Þar sem m.a. var rætt um vinnubrögð LEB, greiðslu FEB til LEB án þess að vita í hvað fer. Þarf að fá frekari skýringu á þeirri upphæð sem nefnd er.

Í kjölfarið kom yfirlýsing frá formanni LEB sem rædd var og almennt talin léttvæg. Áréttað með að úrsögn FEB standi enda er 6 mán. fyrirvari þar á.

4. Fundur í Gerðubergi Breiðholti um skipulag m.a. í Suður Mjódd

Framkv.stjóri skýrði frá fundi borgarstjóra í síðustu viku þar sem hann ræddi skipulag Breiðholts og þá sérstaklega Suður Mjóddar og svæðið þar sem félagið byggir. Framkv.stjóri tók til máls á fundinum og ræddi fjölgun íbúða fyrir eldri borgara og hækkun hússins um eina hæð sem lausn. Góður rómur var gerður að máli hans og tekið undir af borgarstjóra og öðrum borgarfulltrúa.

5. Önnur mál

Spurt var hvar FEB og LEB eigi fulltrúa um málefni eldri borgara – taka þarf saman.

Áréttað með umræðu frá síðasta fundi um aðkomu LEB að opinberum aðilum og hvernig því er haldið innan LEB og í því sambandi nefnd 7. og 8. grein laga LEB um samstarfs- og upplýsingaskyldu gagnvart félögum innan LEB.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11.00.

Samþykkt;